

# 19. fundur bæjarstjórnar

19. fundur bæjarstjórnar Árborgar, kjörtímabilið 2010-2014, haldinn miðvikudaginn 21. sept. 2011 kl. 17:00 í Ráðhúsi Árborgar, Selfossi.

Neðanskráðir bæjarfulltrúar eru mættir:

Ari Björn Thorarensen, D-lista, forseti bæjarstjórnar  
Eyþór Arnalds, D-lista,  
Elfa Dögg Þórðardóttir, D-lista,  
Sandra Dís Hafþórsdóttir, D-lista,  
Gunnar Egilsson, D-lista,  
Helgi Sigurður Haraldsson, B-lista,  
Eggert Valur Guðmundsson, S-lista,  
Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista,  
Þórdís Eygló Sigurðardóttir, V-lista,

Auk þess situr fundinn Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri og Líney Magnea Þorkelsdóttir sem ritar fundargerð.

Forseti bæjarstjórnar setti fundinn.

Dagskrá:

## I. Fundargerðir til staðfestingar

### 1. a) 1010064

Fundargerð menningarnefndar frá 10. ágúst

b) 57. fundur bæjarráðs (1006055) frá 25. ágúst

### 2. a)1007076

Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 23. ágúst

b) 1007095

Fundargerð fræðslunefndar frá 25. ágúst

c) 58. fundur bæjarráðs (1006055) frá 1. sept.

-liður 9 í fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 23. ágúst, mál nr.

1108065 – tillaga um að fella út úr skipulagi gangstíg sem er á milli

lóðanna Jórutúns 6 og 8 Selfossi.

3. a) 1006056

Fundargerð framkvæmda- og veitustjórnar frá 31. ágúst

b) 1007096

Fundargerð íþróttá- og tómstundanefndar frá 29. ágúst

c) 1101087

Fundargerð félagsmálanefndar frá 22. ágúst

d) 59. fundur bæjarráðs (1006055) frá 8. sept.

4. a) 1007094

Fundargerð félagsmálanefndar frá 5. sept.

b) 1010064

Fundargerð menningarnefndar frá 7. sept.

c) 60 . fundur bæjarráðs (1006055) frá 18. sept.

-liður 6 í fundargerð 60. fundar bæjarráðs, mál nr. 1106002  
– Tillaga um val á aðila til að sinna endurskoðunarþjónustu.

-liður 1a) Helgi S. Haraldsson, B-lista, tók til máls um lið 8, málsnúmer 1108051 – Skýrsla hátíðarhaldara.

Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri, tók til máls.

-liður 1b) Helgi S. Haraldsson, B-lista, tók til máls um lið 9, málsnúmer 1104147 – Erindi TRS v/tölvumála.

Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri, tók til máls.

-liður 2b) Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri, tók til máls um lið 4, málsnúmer 1108046 – Ráðning – staða fræðslustjóra. Bæjarstjórn staðfestir ráðningu fræðslustjóra og býður Þorstein Hjartarson velkominn til starfa sem fræðslustjóri.

-liður 2a) Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, tók til máls um lið 13, málsnúmer 1108114 – Ósk mótorkrossdeildar Umf. Selfoss um að nýta land í eigu Árborgar.

Gunnar Egilsson, D-lista, tók til máls.

-liður 9 í fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 23. ágúst, mál nr. 1108065 – Tillaga um að fella út úr skipulagi gangstíg sem er á milli lóðanna Jórutúns 6 og 8 á Selfossi.

Tillaga um að fella út úr skipulagi gangstíg sem er á milli lóðanna Jórutúns 6 og 8 Selfossi borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

-liður 2b) Helgi S. Haraldsson, B-lista, tók til máls um lið 8, mál nr. 1108149 – Endurbætur á húsnæði Sandvíkurskóla.

Eyþór Arnalds, D-lista, tók til máls.

-liður 3b) Helgi S. Haraldsson, B-lista, tók til máls um lið 6, mál nr. 1108083 – Forvarnir gegn munntóbaki.

Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, tók til máls.

-liður 3c) Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, tók til máls um lið 9, mál nr. 1108072 – Breytingar á starfsmannahaldi innan félagsþjónustu.

Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, lagði fram eftirfarandi bókun:

*„Það vekur athygli undirritaðs í umfjöllun félagsmálanefndar varðandi breytingar á starfsmannahaldi á félagsþjónustusviði,*

*þar sem m.a. er kynnt að Anný Ingimarsdóttir, einn okkar reyndasti félagsráðgjafi, hefur fengið launalaust leyfi og í stað hennar hefur verið ráðinn viðskiptafræðingur til þess að sinna þeim störfum sem hún sinnti áður. Undirritaður hefur áhyggjur af því að með þessari ráðstöfun sé dregið úr afar mikilvægri fagþekkingu á sviðinu. Félagssráðgjafar hafa háskólamenntun og lögverndað starfsheiti til þess að sinna faglegu starfi í félagsþjónustu. Það er algert lykilatriði að leggja allan sinn metnað í að sinna faglegri þjónustu í þessum viðkvæma málaflokki.”*

Eggert Valur Guðmundsson fulltrúi S-lista.

Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri, Eypór Arnalds, D-lista, Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista og Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, tóku til máls.

-liður 3c) Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, tók til máls um lið 11 og 12, málsnr. 1108079 – Frístundaklúbbur fatlaðra- og máls nr. 1108111 – Sumarþjónusta fyrir fötluð börn.

-liður 3d) Helgi S. Haraldsson, B-lista, tók til máls um lið 8, máls nr. 1108114 – Erindi UMFS og mótorkrossdeildar Umf. Selfoss vegna lands við mótorkrossbraut.

Helgi S. Haraldsson, B-lista, lagði fram eftirfarandi tillögu.

„Tillaga: Bæjarstjórn samþykkir að hefja nú þegar undirbúning og framkvæmdir á nýju svæði, samkvæmt skipulagi, fyrir mótorkrossbraut og aðstöðu tengda henni, m.a með veglagningu og tilfærslu á efni í brautina.”

Helgi S Haraldsson bæjarfulltrúi B-lista.

Gunnar Egilsson, D-lista, tók til máls og lagði til að afgreiðslu tillögunnar yrði frestað til næsta fundar.

Afgreiðsla um að tillögunni yrði frestað til næsta fundar borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

-liður 3d) Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, tók til máls um lið 1, málsnr. 1006056 – Fundargerð framkvæmda- og veitustjórnar.

Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, lagði fram eftirfarandi bókun *Í tilefni af bókun meirihluta D-lista á 59.fundi bæjarráðs sem var eftirfarandi með leyfi forseta:*

*„Allt tal um skort á samráði skýtur skökku við ekki síst þegar horft er til þess að síðasta bæjarstjórn V, S og B lista stundaði ráðningar án auglýsinga, án samráðs og jafnvel án þess að upplýsa kjörna fulltrúa D-lista um ráðningar lykilstjórnenda yfirhöfuð. Bæjarfulltrúar D-lista hafa beitt sér fyrir og ástundað opin ráðningarferli með auglýsingum og nýtt sér ráðningarstofur til að gæta faglegra vinnubragða.“*  
*Tilvitnun lýkur.*

*Ástæða er til að vekja athygli á að núverandi meirihluti D-lista réði til starfa, er afar skammt var liðið á kjörtímabilið, félagsmálastjóra og veitu- og tæknistjóra án samráðs eða auglýsingar. Einnig væri fróðlegt að meirihlutinn upplýsi hvaða lykilstjórnendur voru ráðnir á síðasta kjörtímabili af þáverandi meirihluta án auglýsinga og samráðs.*

*Arna Ír Gunnarsdóttir S-lista*

*Eggert Valur Guðmundsson S-lista*

Eypór Arnalds, D-lista , Elfa Dögg Þórðardóttir, D-lista og Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, tóku til máls

-liður 4d) Helgi S. Haraldsson, B-lista, tók til máls um lið 10 og 11, málsnr. 1105207 – Tillaga bæjarfulltrúa B- og S-lista varðandi 6 mánaða uppgjör og rekstraruppgjör fyrstu sjö mánuði ársins 2011.

Helgi S. Haraldsson, B-lista, lagði fram eftirfarandi bókun. Það veldur mér miklum vonbrigðum að meirihluti D-listans skuli ekki hafa samþykkt að birta 6 mánaða uppgjör á rekstri sveitarfélagsins. Þrátt fyrir að það sé engin skylda að birta það samkvæmt reglum kauphallarinnar þá er það bæði upplýsandi og nauðsynlegt til að sýna stöðu sveitarfélagsins. Ég get ekki séð hvers vegna meirihlutanum er svona mikið í mun að birta ekki uppgjörinu nema það sé kannski vegna þess að reksturinn fyrstu 6 mánuði ársins 2011 sé langt frá þeim væntingum og loforðum sem hann lagði upp með.

Helgi S Haraldsson, bæjarfulltrúi B-lista.

Eyþór Arnalds, D-lista, tók til máls.

-liður 4d) Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, tók til máls um lið 4, máls nr. 1012096 – Svar við fyrirspurn bæjarfulltrúa S-lista um útboð á sorphirðu 2011.

Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, lagði fram eftirfarandi bókun.

„Undirritaðir fulltrúar ítreka þá skoðun að vinna við gerð útboðsgagna vegna sorphirðu hafi dregist úr hófi fram. Einnig er ástæða til að benda á að í framlögðum gögnum á fundi bæjarráðs kemur fram að gert sé ráð fyrir að drög að útboðsgögnum verði tilbúin í þessari viku. Dagskrárboð vegna næsta fundar bæjarráðs liggur fyrir og ekkert þar að finna um málið.“

Eggert Valur Guðmundsson bæjarfulltrúi S lista.

Arna Ír Gunnarsdóttir bæjarfulltrúi S lista.

Eypór Arnalds, D-lista og Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri, tók til máls.

-liður 4d) Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, tók til máls um lið 13, málsnr. 1010106 – Viðauki við kaupsamning um Austurveg 52 – slökkvistöð, greiðsludreifing.

Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri tók til máls.

-liður 4d) Eypór Arnalds, D-lista, tók til máls um lið 4, málsnr. 1003221 – Bókun vegna kostnaðar við uppbyggingu öryggisfangelsis.

-liður 6, í fundargerð 60. fundar bæjarráðs, mál nr. 1106002 – Tillaga um val á aðila til að sinna endurskoðunarþjónustu.

Tillaga um val á aðila til að sinna endurskoðunarþjónustu borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Fundargerðirnar bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða að undanskildum þeim liðum sem áður höfðu verið samþykktir.

## **II. 1109019 – Kjör fulltrúa S-lista á aðalfund SASS, APS, SKS, HES og í Héraðsnefndar Árnesinga fulltrúaráð BÁ**

Lagt var til að Arna Ír Gunnarsdóttir verði aðalmaður á ársþingi SASS, APS, SKS og HES og Erling Rúnar Huldarsson til vara.

Eggert Valur Guðmundsson verði aðalmaður í fulltrúaráði BÁ og Arna Ír Gunnarsdóttir til vara.

Arna Ír Gunnarsdóttir verði aðalmaður á fundi Héraðsnefndar Árnesinga og Erling Rúnar Huldarsson til vara.

Breytingarnar voru bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða.

### **III. Önnur mál**

#### **a) 1109136**

##### **Tillaga að skipuriti**

Eypór Arnalds, D-lista, fylgdi tillögunni úr hlaði.

Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, Eypór Arnalds, D-lista, Elfa Dögg Þórðardóttir, D-lista, Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, Eggert Valur Guðmundsson, S-lista og Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri, tóku til máls.

Tillaga að skipuriti var borið undir atkvæði og samþykkt með 5 atkvæðum bæjarfulltrúa D-lista. Bæjarfulltrúar S-, B- og V-lista sátu hjá.

#### **b) 1006008**

##### **Tillaga að samþykktum um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Árborgar, fyrri umræða**

Ari Björn Thorarensen fylgdi tillögunni úr hlaði.

Helgi S. Haraldsson, B-lista, Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri, Eggert Valur Guðmundsson, S-lista og Eypór Arnalds, D-lista, tóku til máls.

Samþykkt samhljóða að vísa tillögunni til síðari umræðu.



**c) 1006066**

**Virkjunarkostir við Selfoss, tillaga um að skoðuð verði minni útfærsla**

Ari Björn Thorarensen, D-lista, fylgdi tillögunni úr hlaði.

“Tillaga um Selfossvirkjun

Bæjarstjórn samþykkir að skoða minni útfærslu á virkjunarkosti við Selfoss. Tækni- og veitustjórn verði falið að vinna að útfærslu. Jafnframt verði fagnefndum veittur frestur til áramóta að fara yfir áhrif virkjunar, bæði þeirra kosta sem hafa verið skoðaðir og möguleika á minni virkjanakosti.”

Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, tók til máls og lagði fram eftirfarandi frávísunartillögu.

**– Virkjunarkostir við Selfossvirkjun**

**Rökstuðningur:**

*Þessi tillaga um Selfossvirkjun sem lögð er hér fram af meirihluta D-lista er vanreifuð og því ekki tæk til afgreiðslu eins og hún liggur hér fyrir.*

*Ekki liggur fyrir við hvað er átt með orðunum: „að skoða minni útfærslu á virkjunarkosti við Selfoss“*

*-minni úrfærslu en hvað? Engin endanleg útfærsla að virkjunarkosti við Selfoss hefur verið lögð fyrir í nefndum, bæjarráði eða bæjarstjórn Árborgar hvað þá afgreidd.*

*Jafnframt er markleysa að ætla fagnefndum „að fara yfir áhrif virkjunar“ vegna þess að ekkert áþreifanlegt eða bitastætt liggur fyrir um þær óljósu hugmyndir, sem verið hafa í umræðu um þessi efni. Eflaust er það þess vegna, sem engin hinna svo nefndu fagnefnda hefur getað fjallað þverfaglega um þessi efni fyrir hinn veitta frest til 1. október, 2011. Menningarnefnd er eina nefndin sem gerði tilraun til þess að taka málið fyrir. Niðurstaðan var að nefndin frestaði málinu til næsta fundar og á næsta fundi var málið ekki á dagskrá.*

*Eins og kemur fram í svari meirihluta D-lista til Jörundar*

*Gaukssonar og Jóns Árna Vignissonar eru öll þessi mál á óljósu hugmyndastigi og því ekki boðlegt að ætla nefndum að leggja vinnu og kostnað í útfærslu á þessum óljósum virkjanahugmyndum.*

*Rétt er að minna á tillögu bæjarfulltrúa S-lista á bæjarstjórnarfundum þann 8. júní sl. að hætta við þessi virkjunaráform. Við afgreiðslu þeirrar tillögu klofnaði meirihluti sjálfstæðismanna í afstöðu sinni til þessa mjög svo umdeilda máls.*

*Arna Ír Gunnarsdóttir, bæjarfulltrúi S-lista*

*Eggert Valur Guðmundsson, bæjarfulltrúi S-lista*

*Helgi S. Haraldsson, a S-lista*

Frávísunartillagan var borin undir atkvæði og var hún felld með 5 atkvæðum bæjarfulltrúa D-lista gegn atkvæðum bæjarfulltrúa S-, B- og V-lista.

Helgi Sigurður Haraldsson, B-lista, Elfa Dögg Þórðardóttir, D-lista, Eyþór Arnalds, D-lista og Gunnar Egilsson, D-lista, tóku til máls.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt með 5 atkvæðum bæjarfulltrúa D-lista gegn atkvæðum bæjarfulltrúa S-, B- og V-lista.

Fleira ekki gert. Fundargerðin lesin upp og fundi slitið kl. 19.05

Eyþór Arnalds

Elfa Dögg Þórðardóttir

Ari Björn Thorarensen

Sandra Dís Hafþórsdóttir  
Gunnar Egilsson Helgi  
Sigurður Haraldsson  
Eggert Valur Guðmundsson  
Arna Ír Gunnarsdóttir  
Þórdís Eygló Sigurðardóttir  
Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri  
Líney Magnea Þorkelsdóttir, ritari